

Beiðni um aukningu fjármagns til bóka- og tímaritakaupa, 2ja ára verkefnis, launaliðar, húsnæðis og húsbúnaðar fyrir Bókasafn Garðabæjar

Bækur og tímarit

Innkaup - Bækur og tímarit vantar kr. 250.000,- upp á fjárhagsáætlun 2017 til að anna eðlilegum innkaupum. Sjá hér að neðan frekari rökstuðning.

Laugardagsopnun

Bókasafn Garðabæjar er með opið á laugardögum yfir vetrartímann frá 1. október. Almennt opna söfn á laugardögum frá 1. september. Ósk okkar er að koma til móts við óskir gesta okkar og opna frá 1. september ár hvert.

Laugardagsopnun í september 2017 kostar bókasafnið kr. 213.575,-

Aukning á starfsgildi um 12,5% til að fá samfellu yfir daginn

Við erum með þjónustufulltrúa sem vinna annars vegar 4 tíma og hins vegar 5 tíma. Við erum með opið í 10 tíma því myndast eins klukkustunda eyða á milli þeirra. Okkar ósk er að þjónustufulltrúar séu með samfellu svo að það að komi minna niður á afgreiðslunni. Slík aukning myndi kosta aukalega kr. 569.124,- á árinu 2017.

2ja ára verkefnið

Bókasafn Garðabæjar hefur gefið 2ja ára börnum í bænum bækur við hæfi og fróðleik um mikilvægi lestrar. Forráðamenn koma með börnin á bókasafnið og sækja bókapokann. Allt til að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi lesturs frá fyrstu tíð barnsins.

Pakkinn inniheldur bókapoka, bók, bæklinga um mikilvægi lesturs og bókamerki.

Á næsta ári vantar safnið kr. 250.000.- til að halda verkefninu áfram.

Húsnæði og húsbúnaður

Bókasafnið þarf hillur og vagna. Sumt er orðið gamalt og slitið og þarf að endurnýja, bæði á Garðatorgi og Álftanesi.

Hillur, borð og vagnar: kr. 7.500.000,-

Sófar: kr. 400.000,-

Taka niður vegg og færa til aðstöðu kr. 1.000.000.- (þetta er áætlaður kostnaður)

Sjá hér að neðan frekari rökstuðning.

Garðabær mun koma til með að stækka hratt ef spár ganga eftir. Því þarf að huga að húsnæði safnsins í miðbænum. Staðsetningin við Garðatorg 7 er kannski ekki sú besta í miðbænum en mikill kostur að vera við miðbæjarkjarnann og allar rannsóknir hafa sýnt að besta nýting almenningsbókasafna er í miðbæ samfélagsins. Safnafólki hefur dreymt um að koma meira lífi í Garðatorg 7, bæta hljóðvist og búa til vistlegt og lifandi torg. Til dæmis með að útbúa grænt torg allt árið. Hafa á torginu viðburði, markaði og sýningar. Ein hugmynd væri að byggja bókasafnið út á torgið á fyrstu hæð (undir rampinn) til stækkunar. Höfða til fjölskyldufólks og hafa svæðið fjölskylduvænt. Það væri hægt að koma fyrir hleðslustöð á torginu þar sem fólki gefst kostur á að hlaða símann og vera á netinu. Inn á safni væri fjölnotarými (til dæmis makerspace sem er staður þar sem fólk kemur saman búið til, skapað, fundið upp og lært. Fabrication Laboratory sem er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er) þar sem krakkar og fullorðnir gætu búið til eigið efni til dæmis tímarit, prentað út í prívidd, leikið sér í græjum og margt fleira. Hafa þarf í huga að bókasafnið er fyrir fólkið og er þannig leikvöllur, vettvangur upplifunar og væri hægt að virkja það til að efla stemninguna á Garðatorgi sérstaklega á torginu sem það stendur við.

Garðabær á sal rétt hjá safninu á annari hæð Garðatorgs 7 sem væri hægt að ganga inn á af safni með því að búa til gang af svölum á milli salar og safns eða nettann stiga á milli hæða. Þar væri hægt að koma fyrir lesstofu og færa þá viss gögn upp á efri hæð og búa til stærra rými fyrir Barnadeild (börn og ungmenni) á neðri hæð.

Það þarf að bæta ýmislegt í núverandi húsnæði og húsbúnaði. Það þarf að klára safnið á 2. hæð, taka niður fatahengið, setja upp minni vegg og laga herbergi á fyrstu hæð og taka þar niður eldhús og skilja eftir vask og litla einingu. Við þurfum að skipta út hillum, fá lægri með hjólabúnaði, vegghillur og útstillingarhillur. Endurnýja gamla gramskassa í Barnadeildum safnanna.

Undanfarin ár hafa bækur hækkað verulega í verði umfram það sem hækkun til bóka- og tímaritakaupa bókasafnsins hefur gert. Því hefur kaupmáttur bókasafnsins í raun dregist verulega saman hægt og rólega. Eins og öllum er kunnugt er Garðabær að stækka og er liðinn töluverður tími síðan Álftanes rann saman við Garðabæinn. Hvert árið sem líður bætast að öllum líkindum við eitt þúsund íbúar. Því þarf að hækka í réttum takti bóka- og tímaritainnakaup.

Við önnum ekki alltaf eftirspurn eftir mörgum bókatitlum og tímaritum. Hefur verið tekið á það ráð að ýta bókakaupum yfir áramótin. En það hefur ekki leyst vandann. Bókasöfn fá afslátt af nýjum bókum en ekki af útsöluverðinu eftir áramót og því enginn sparnaður fólgin í því. Við þurfum líka að leggja meira til Álftanessafns og auka þar bóka- og tímaritainnkaup með áherslu á barnafjölskyldur. Okkar vilji er að hafa gott úrval fyrir alla.

Virðingarfyllt,

Margrét Sigurgeirsdóttir forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar